



Til bæjarráðs

Kópavogi, 10. júlí 2024
24071143/505.02 BR

Efni: Vetrarþjónusta á stofnleiðum 2024-2027

Vetrarþjónusta á stofnleiðum fyrir tímabilið 2024 til 2027 með heimild til framlengingar um tvisvar sinnum eitt ár verður auglýst til útboðs á næstu vikum.

Um er að ræða snjóruðning og hálkuvarnir á helstu akstursleiðum innan bæjarlandsins þar á meðal talið stofngötur, safngötur, helstu tengigötur, fjölfarnar íbúða- og iðnaðargötur, leiðir strætisvagna og leiðir við skóla og leikskóla.

Núverandi samningur til þriggja ára frá 2019 auk framlenginga rann út 1. maí síðastliðinn og því nauðsynlegt að bjóða út verkið að nýju. Fyrirkomulag vetrarþjónustunnar verður óbreytt í hinum nýja samningi þar sem almenn ánægja hefur verið með gæði vetrarþjónustunnar í Kópavogi síðustu ár.

Verkið verður boðið út á evrópska efnahagssvæðinu.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,

Birkir Rútsson
Deildarstjóri gatnadeildar

